

„Mjúku málin eru mikilvæg“

segir Ebba Margrét Magnúsdóttir
nýr formaður læknaáðs Landspítalans

■ ■ ■ Hávar Sigurjónsson

„Ég hafði ekki hugsað mér að taka að mér meiri félagsstörf en ákvað að slá til eftir að hafa fengið mjög jákvæða hvatningu frá yfirmönnum og samstarfsfólki,“ segir Ebba Margrét sem í haust tók við formennsku í læknaáði Landspítalans. Hún gegndi starfi varaformanns læknaáðs um skeið og sat í stjórn Læknafélags Reykjavíkur. Ebba Margrét var í aðgerðanefnd Læknafélags Íslands þegar kjaradeila félagsins við ríkið með tilheyrandi verkfalli stóð sem hæst haustið 2015.

Ebba Margrét er sérfræðingur í fæðinga- og kvensjúkdómalækningum og starfar á kvennadeild Landspítalans. Hún segir starfið einstaklega skemmtilegt og gefandi og það hafi því ekki verið auðveld ákvörðun að taka við formennsku í læknaáðinu þar sem klíniska vinnan verður minni en áður. „Vangaveltur um hver tæki við formennskunni af Reyni Arngrímssyni þegar hann var kosinn formaður Læknafélags Íslands í vor urðu til þess að ég fór að velta því fyrir mér að bjóða mig fram. Það réði ekki síst ákvörðun minni að margir urðu til þess að hvetja mig og við nánari

umhugsun fann ég að það væri ýmislegt sem ég vildi gera sem formaður og hugsanlega gæti ég látið gott af mér leiða.“

Víðtækt hlutverk læknaáðsins

Aðspurð um hlutverk læknaáðs Landspítala vitnar Ebba Margrét í starfsreglur áðsins sem samþykktar voru og undirritaðar í maí 2010 af þáverandi forstjóra, Birni Zoëga, og formanni Læknaáðsins, Þorbirni Jónssyni.

„Í 2. grein starfsreglna um læknaáð segir eftirfarandi um hlutverk læknaáðs:

Læknaáð skal vera stjórnendum Landspítalans til ráðuneytis um læknisfræðileg atriði í rekstri sjúkrahússins, enda ber forstjóra og framkvæmdastjórn að leita álits læknaáðs á því sem varðar læknisþjónustu sbr. 13. gr. laga nr. 40/2007. Læknaáð skal vera stjórnendum til ráðuneytis í málum er varða stefnumótun sjúkrahússins, þróun og skipulag, stjórnun og rekstur, samstarf og samhæfingu starfskrafta, þjónustuvið sjúklinga, menntun lækna, læknanema og annars starfslíðs og vísindastarf.

„Þarna má undirstrika að álit læknaáðs á því sem varðar læknisþjónustu spítalans er bundið í lög, sem vegur talsvert

þyngra en starfsreglur sem líta má á sem leiðbeinandi innanhúsreglur um góð samskipti milli stjórnenda spítalans og læknaáðs ef svo ber undir,“ segir Ebba Margrét.

Í þriðju grein segir meðal annars: *Læknaáð getur hvenær sem er tekið mál til umræðu og meðferðar að eigin frumkvæði auk þeirra mála sem stjórnendur spítalans eða heilbrigðismála leggja fyrir ráðið.*

„Þetta veitir læknaáðinu verulegt svigrúm til að láta til sín taka um hvaðeina sem það telur til heilla horfa. Stjórnarfundir ráðsins eru haldnir reglulega. Í læknaáðinu eiga sæti „allir þeir lækna sem ráðnir hafa verið til starfa til eins árs eða lengur. Rétt til fundarsetu með tillögurétti, en án atkvæðisréttar, eiga aðrir lækna Landspítalans.“

Læknaáðið hefur einnig staðið fyrir fundum með gestum, bæði sérfræðingum, innlendum og erlendum, í læknisfræði, en einnig öðrum sem starfa við heilbrigðisgreinar eða stjórnun heilbrigðismála. Læknaáðið getur þannig með ýmsum hætti stuðlað að fræðslu og umræðu um vinnuskilyrði, læknisfræði og heilbrigðismál.“



„Ég tel mun farsælla að efla læknaáæði á jákvæðan hátt fremur en með hamagangi og upphrópunum,“ segir Ebba Margrét Magnúsdóttir nýr formaður læknaáæðs Landspítala.

þrífast á vinnustaðnum. „Fyrir marga sérfræðilækna er Landspítalinn eini vinnustaðurinn sem þeir geta unnið á og ef eitthvað kemur uppá í samskiptum á milli samstarfsfólks er annað tveggja að láta sig hafa það eða fara. Ég hef séð einstaklinga sem hefur ekki liðið vel á Landspítalanum og horfið á braut, annaðhvort aftur til útlanda þar sem sérfræðinámið fór fram eða á stofu úti bæ.

Stundum stafa þessir erfiðleikar af því að sérfræðingarnir hafa lært í mismunandi löndum og vanist ólíkum vinnubrögðum. Stundum eru þetta árekstrar á milli yngri sérfræðinga sem nýkomnir eru til starfa og þeirra eldri sem tregir eru til að breyta um aðferðir og vinnubrögð. Allt er þetta skiljanlegt en þarna er hægt að gera ýmislegt og taka einfaldlega betur utan um fólkið okkar. Sannarlega blessast þetta líka oft mjög víða og samstarfið gengur ljómandi vel. Ég hef samt áhyggjur af unga fólkinu okkar, ungu læknum sem eru að taka við keflinu. Oft koma upp erfið tilfelli undir miklu álagi og tímapressu í lækni-starfinu sem hafa djúp áhrif á andlega líðan okkar. Við þurfum að gæta betur að þessu og sinna unga fólkinu sem stendur í eldlínunni. Nauðsynlegt er að skapa

Mjúku málin skipta máli

Ebba Margrét kveðst vilja leggja sérstaka áherslu á vinnustaðinn Landspítalann í starfi sínu sem formaður læknaáæðsins. „Mig langar til að efla mannauðinn á spítalanum, gera umhverfið jákvæðara og auðveldara fyrir bæði yngra fólkið sem hér er að hefja feril sinn og eldra fólkið sem er að ljúka starfsferlinum. Þarna finnst mér að megi bæta ýmislegt enda sjáum við að lækna eru að hætta hér áður en kemur að

eftirlaunaaldri og sérstaklega finnst mér leitt þegar fólk sem hefur starfað hér í áratugi telur sig ekki eiga erindi í heimsókn á sinn gamla vinnustað eftir að ferlinum lýkur. Þarna mætti jafnvel skapa svigrúm til að taka á móti fyrrum starfsfélögum og leiða þannig saman lækna af eldri og yngri kynslóð.“

Hún segir ekki hægt að horfa framhjá því að það sem sumir vilja kalla einelti í ýmsum myndum virðist hugsanlega

farveg til að vinna faglega úr erfiðum málum. Svárið er gjarnan að ekki sé nægur tími til slíkra hluta en það er misskilningur. Tíminn sem í þetta fer skilar sér margfalt tilbaka. Ég hef átt samtál um þetta við Pál forstjóra og hann hefur fullan skilning á þessu og ég vænti þess að um þetta náist góð samvinna.“

Ebba Margrét segir einnig að ekki verði horft framhjá því að margir virðast upplifa að það sé gjá á milli yfirstjórnar spítalans

og fólksins á gólfinu. „Á milli okkar sem vinnum á gólfinu eins og sagt er og Eiríksstaða. Framkvæmdastjórar hinna ýmsu sviða mættu gjarnan vera sýnilegri starfsfólkinu og vera meiri þátttakendur í því sem fer fram á deildum spítalans. Annars er hætt við því að það festist í sessi viðhorf eða fjarlægð sem best er lýst með orðunum við og hinir. Mig langar að vinna að því að brúa þessa gjá svo allir séu samtaka í því að vera í einu og sama liðinu. Ef mér

tækist þetta þó ekki væri nema að einhverju leyti þá þætti mér verulega mikið unnið. Einhverjir munu sjálfsgagt kalla þetta „mjúku“ málin en sannleikurinn er sá að þetta eru þau mál sem öllu skipta ef við ætlum að tryggja eðlileg samskipti og kynslóðaskipti innan spítalans á komandi árum og áratugum.“

Skipting kostnaðar og nýr Landspítali

Hún segir einnig nauðsynlegt að taka umræðu um kostnað í heilbrigðiskerfinu og hvernig þeim fjármunum sé varið sem til heilbrigðismála renna. „Það er einfaldlega staðreynd að við sem skattgreiðendur erum að borga stórar fjárhæðir til heilbrigðiskerfisins. Öll viljum við fá góða þjónustu þegar við sjálf verðum sjúklingurinn. Nýleg skýrsla landlæknis sýnir að við erum að gera mun fleiri aðgerðir á vissum sviðum en gert er í sumum nágrannalandanna sem sjúkratryggingar Íslands greiða fyrir. Íslenskir lækningar þurfa að taka hreinskilna umræðu um hvert fjármagnnið rennur og hvernig því er útteilt. Við viljum öflugra heilsugæslu, sterkan Landspítala og sjálfstæðan stofurekstur sem þolir faglegt eftirlit. Eflaust verða einhverjir til að mótmæla þessari skoðun minni en þá er að taka umræðuna.“

Ebba Margrét lá ekki skoðun sinni á sínum tíma þegar rætt var um staðsetningu nýs Landspítala. Hún vildi að hann yrði settur niður annars staðar en við Hringbraut. Ætla hún að fara í þá umræðu sem formaður læknaáðs?

„Já, þetta er rétt hjá þér. Mín innri sannfæring er sú að fyrir íslenska þjóð væri skynsamlegra að byggja betri spítala á betri stað. Rökin eru mörg; samgöngur, gamlar úreltar byggingar sem stendur til að nota, rask fyrir starfseminna meðan byggt er upp og ekki er horft til framtíðar. Að halda einhverju til streitu sem ákveðið var fyrir 20 árum og er löngu orðið tímaskekkja er ekki skynsamlegt fyrir dýrustu framkvæmd 21. aldarinnar. Mér finnst ég hafa þurft að tala máli fæðandi kvenna og geðsjúkra sem eiga engan talsmann en munu þiggja sína lækniþjónustu í gömlum skaðlegum byggingum. Ég hef lagt mitt lóð á vogarskálarnar til að breyta þessari ákvörðun. Nú þegar eru helstu



Laust er til umsóknar starf yfirlæknis á Háls- og bakdeild, St.Franciskusspítala, HVE Stykkishólmi

Á St.Franciskusspítala, HVE Stykkishólmi hefur verið starfrækt Háls- og bakdeild síðan 1992. Um er að ræða 13 rúma legudeild fyrir sjúklinga með verki frá hálsi og/eða baki og þjónar hún öllum landsmönnum. Núverandi starfsemi byggist á tveggja vikna einstaklingsmiðuðu meðferðarþrógrammi og sinnir deildin um 500 sjúkdómstílfellum og meðhöndlar um 240 innliggjandi sjúklinga á ári. Sérhæfð verkjameðferð fer fram á deildinni, m.a. lágmarksinngríp með gegnumlýsingu, s.s. sprautur í bogaliði, mænugang, spjaldliði og inn að taugarótum. Einnig hefur deildin tekið við nemum í sjúkraþjálfun og læknisfræði. Gæðakannanir deildarinnar sýna góðan árangur bæði hvað varðar verkjastjórn, starfs- og athafnagetu ásamt fleiri þáttum.

Aðstaða til sjúkraþjálfunar og almennrar endurhæfingar er góð. Deildin er vel mönnuð sjúkraþjálfurum með breiða þekkingu á sviði endurhæfingar auk sérþekkingar og þjálfunar í greiningu og meðferð stoðkerfisvandamála. Einnig er rekin heilsugæslustöð auk sjúkra- og hjúkrunarrýma í rúmgóðu og vel búnu húsnæði.

Starf þetta getur m.a verið áhugavert fyrir sérfræðing eða verðandi sérfræðing í heimilislækningum með sérstakan áhuga á háls- og bakvandamálum, verkjameðferð og stoðkerfisvandamálum almennt. Yfirlækni Háls- og bakdeildar gefst tækifæri til að vinna að framtíðarstefnumótun deildarinnar, í samstarfi við fagteymi hennar.

Umsóknarfrestur er til 15. nóvember 2017.

Við ráðningar í störf á HVE er ávallt tekið mið af jafnréttisstefnu stofnunarinnar.

Upplýsingar um starfið og starfsemi deildarinnar veita Hrefna Frímannsdóttir, yfirsjúkraþjálfari og faglegur ábyrgðaraðili Háls- og bakdeildar: hrefna.frimannsdottir@hve.is og Þórir Bergmundsson framkvæmdastjóri lækninga og rekstrar: thorir.bergmundsson@hve.is.

Stykkishólmur er fallett bæjarstæði við Breiðafjörð, með um 1200 íbúum blómlegu mannlífi og háu þjónustugigi. Auk grunnskóla er af bæjarfélaginu rekinn tónlistarskóli og leikskóli sem tekur að öllu jöfnu við 12 mánaða gömlum börnum og eru allar stofnanirnar vel mannaðar fagfólki. Fjölbrotaskóli Snæfellinga er starfræktur í Grundarfirði af sveitarfélagunum á Snæfellsnesi og gefst nemendum kostur á skólaakstri.

talsmenn uppbyggingar við Hringbraut farnir að tala um næsta spítala. Dæmig-erð íslensk leið og kostnaðurinn verður mun meiri. Þetta eru mínar persónulegu skoðanir.

Ég hef ekki hugsað mér að nota vettvang lækna ráðs í þessa umræðu en verð samt að huga að öryggi og velferð sjúklinga og starfsmanna, meðan á þeim framkvæmdum sem búið er að ákveða stendur.

Umhverfi okkar lækna hefur gjörbreyst á ekki svo löngum tíma. Dómsmálum og kærur á hendur læknum í ákveðnum greinum hefur fjölgað mikið. Sjúklingur 21. aldarinnar er mun upplýstari en áður og kröfur sem gerðar eru til okkar eru jafnvel óraunhæfar. Þess vegna er mikilvægt að lækna standi saman og að við eflum teymisvinnu við aðrar heilbrigðis-stéttir þar sem allir stefna í sömu átt.“

Ebba Margrét er önnur konan sem gegnir formennsku í lækna ráði Landspítalans og aðspurð um hvort það skipti máli segir hún svo ekki vera. „Konur forgangsraða oft öðruvísi og það getur vel verið að svo verði núna en að öðru leyti tel ég ekki að kyn skipti máli. Ég hlakka til að takast á við komandi verkefni með öflugri stjórn lækna ráðs.“